

## Opinbert bréf 408 lækna til íslenskra stjórnvalda

Undanfarnar vikur hefur Ísrael haldið úti umfangsmiklum árásum á Gaza í hefnd fyrir hryðjuverkaárás sem framin var í Ísrael. Árásir Ísraels hafa drepið að minnsta kosti 10.569 Palestínumenn, þar af a.m.k. 4.324 börn. Árásirnar hafa einnig valdið gríðarlegri eyðileggingu á innviðum Palestínu, sem nú eru algjörlega að hruni komnir. Ísrael hefur skrúfað fyrir allt flæði vatns, rafmagns og matvæla til íbúa á Gaza og heftir verulega flæði hjálpargagna frá Egyptalandi. Alvarleg mannúðarkrísa á sér stað sem verður að bregðast við eins hratt og mögulegt er.

Árásirnar undanfarna 32 daga hafa haft gríðarleg áhrif á alla heilbrigðisþjónustu á svæðinu. Að minnsta kosti 193 heilbrigðisstarfsmenn hafa verið drepnir, 18 sjúkrahús af 35 eru óstarfhæf ásamt 51 heilsugæslu. Al-Dura-barnaspítalinn þurfti að rýma vegna notkunar Ísraelshers á hvítum fosfórsprengjum og Ahli Arab-spítalinn varð fyrir sprengju ísraelska hersins sem olli umtalsverðum skemmdum á sjúkrahúsinu. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur skráð 82 árásir á heilbrigðisinnviði og hafa 57 sjúkrabílar skemmst eða eyðilagst. Palestínski rauði hálfmáninn hefur bent á að vísbendingar eru um að vísviljandi hafi verið ráðist á heilbrigðisstofnanir og sjúkrabíla.

Skurðlæknirinn Ghassan Abu Sitta hefur lýst þeim aðstæðum sem að læknar og hjúkrunarfræðingar starfa við á Gazasvæðinu. Á Shifa-sjúkrahúsinu, þar sem hann starfar, eru aðstæður sérstaklega skelfilegar og vara læknar við yfirvofandi smitsjúkdómafaraðri. Læknar á Shifa geta ekki lengur sinnt starfi sínu og eru nauðsynleg lyf og búnaður að þrotum komin. Ekki einungis eru birgðir á þrotum heldur hefur starfsfólkið keyrt sig að þölmörkum. Mörg hafa verið drepin, þurft að sinna alvarlega slösuðum fjölskyldumeðlimum eða bera kennsl á látna ástvini. Á sjúkrahúsinu fær fólk með sár, bruna og áverka ekki verkjalyf til að lina þjáningar sínar. Talsmaður WHO, Margaret Harris, bætir svo við: „Sjúkrahús eru yfirfull, fólk getur ekki fengið meðferð, börn með brunasár hafa enga verkjastillingu”.

Læknar án landamæra (MSF) hafa gefið út ákall um vopnahlé þegar í stað til að koma í veg fyrir fleiri dauðsföll á Gaza og til að hleypa mánnúðargögnum inn á svæðið. Samtökin telja aðgerðir leiðtoga heimsins of veikar og svifaseinar til að hafa áhrif á það ofbeldi sem nú geisar gagnvart saklausu fólki. Samtökin benda á að frá 27. október hafi sprengjuárásir Ísraelshers náð áður óséðum hæðum: að verið sé að jafna norður Gaza við jörðu á meðan allt Gaza svæðið liggur undir árásum og óbreyttir borgarar hafa í engin hús að vernda.

Sérstakur skýrsluhöfundur Sameinuðu þjóðanna, Francesca Albanese, hefur einnig bent á að aðgerðir Ísraels ganga langt út fyrir þá alþjóðlegu lagaramma sem til staðar eru og að alþjóðasamfélagið verði að stöðva þessi grófu brot á alþjóðalögum áður en þjóðernishreinsanir verða að veruleika.

Það er ljóst að alvarleg krísa er í gangi vegna þeirra árása sem Ísrael fremur gagnvart Palestínu. Vatn og matur eru á þrotum sem hefur skelfilegar afleiðingar fyrir íbúa Gazasvæðisins. Heilbrigðiskerfið á Gaza er fyrir löngu hrunið. Sjúkrahúsin á Gaza geta ekki sinnt sínu hlutverki. Þau skortir nauðsynleg heilbrigðisgögn, skortir eldsneyti fyrir rafmagni og ítrekað hefur verið ráðist á heilbrigðisstarfsfólk og það myrt. Nýjasta útspil Ísraels er að sprengja sólarrafhlöður sjúkrahúsa til að tryggja endanlegt fall heilbrigðiskerfisins.

Við undirrituð sendum þetta bréf með einlæga ósk og kröfu um að íslensk stjórnvöld bregðist við þeim alvarlegu atburðum sem eiga sér stað núna og krefjist vopnahlés (e. ceasefire). Stjórnvöld ættu að setja þrýsting á Ísrael að stöðva áframhaldandi árásir á saklausa íbúa Gaza og á heilbrigðisþjónustu á svæðinu og fordæma aðgerðir þeirra.

Í fjórða Genfarsáttmálanum stendur:

*„Læknar og hjúkrunarfræðingar og aðrir þeir sem hjálpa fórnarlömbum stríðsins verða að geta unnið starf sitt. Ekki má ráðast á sjúkrahóla eða sjúkrahús eða annað húsnæði þar sem særðum er hjúkrað. Rauður kross eða rauður hálfmáni á hvítum grunni eru tákn fyrir þá vernd sem fólk, tæki og byggingar njóta sem eru til hjálpar fórnarlömbunum.“*

Auk þessa má ekki gleyma Hippokratesareiðnum sem krefur okkur um að sinna skjólstæðingum okkar af alúð en einnig hefst læknaeiður Genfaryfirlýsingarinnar á eftirfarandi hátt:

„Sem læknir heiti ég því að helga líf mitt þjónustu í þágu mannúðar“.

*Linda Ósk Árnadóttir  
Ragna Sigurðardóttir  
Sólveig Bjarnadóttir  
Ólafur Heiðar Ólafsson  
Edda Rún Gunnarsdóttir  
Valdís Björg Hilmarsdóttir  
Rósa Líf Darradóttir  
Jón Magnús Jóhannesson  
Margrét Kristjánsdóttir  
Aðalbjörg Yr Sigurbergisdóttir  
Þórunn Jónsdóttir  
Birna Brynjarsdóttir  
Kristín Haraldsdóttir  
Hjördís Ásta Guðmundsdóttir  
Magnús Ingi Birkisson  
Matthías Örn Halldórsson  
Bryndís Björnsdóttir  
Sunna Lind Pétursdóttir  
Harpa Gunnarsdóttir  
Hugrún Þorbergisdóttir  
Arna Reynisdóttir  
Guðrún Svanlaug Andersen  
Arna Rut Emilsdóttir  
Eir Starradóttir  
Brynja Kristín Einarsdóttir  
Erla Liu Ting Gunnarsdóttir  
Indriði Einar Reynisson  
Íris Þengilsdóttir  
Surya Mjöll Agha Khan  
María Rós Gústavsdóttir  
Sigrún Jónsdóttir  
Linda María Steinþórsdóttir  
Elín Sólborg Eyjólfsdóttir  
Kristín Fjóla Reynisdóttir  
Unnur Mjöll Harðardóttir  
Árni Steinn Steinþórsson  
Kári Sigurðsson  
Elín Birta Pálsdóttir  
Jóhanna Rúnarsdóttir  
Elín Óla Klemenzdóttir*

Sylvía Kristín Stefánsdóttir  
Jón Halldór Hjartarson  
Gyða Jóhannsdóttir  
Erla Þórisdóttir  
Elín Edda Sigurðardóttir  
Jóhanna Andrésdóttir  
Anna María Sigurðardóttir  
Katrín Thoroddsen  
Kristrún Aradóttir  
Katrín Hrefna Demian  
Dagbjört Helgadóttir  
Berglind Björk Skaftadóttir  
Marta Ólafsdóttir  
Auður Jóna Einarsdóttir  
Harpa Björnsdóttir  
Telma Huld Ragnarsdóttir  
Helga Líf Káradóttir  
Eggert Ólafur Árnason  
Anna Guðrún Einarsdóttir  
Jón Gunnar Kristjánsson  
Unnur Ósk Stefánsdóttir  
Jóhanna Dröfn Stefánsdóttir  
Lena María Svansdóttir  
Ásta Guðrún Sighvatsdóttir  
Sunna Rún Heiðarsdóttir  
Edda Lárusdóttir  
Margrét Arna Viktorsdóttir  
Lára Ósk Eggertsdóttir Claessen  
Valdimar Bersi Kristjánsson  
Anna Lilja Ægisdóttir  
Birta Bæringsdóttir  
Jóhannes Davíð Purkhús  
Jónas Bjartur Kjartansson  
Hekla Sigurðardóttir  
Ingibjörg Heiðdal  
Sigrún Lilja Sigurgeirsdóttir  
Oddný Rún Karlsdóttir  
Salvör Rafnsdóttir  
Teitur Ari Theodórsson  
Þórður Gunnar Þorvaldsson  
Þórhalla Mjöll Magnúsdóttir  
Elísa Rut Gunnlaugsdóttir  
Arna Ýr Karelsdóttir  
Ásdís Braga Guðjónsdóttir  
Signý Malín Pálsdóttir  
Hjördís Ýr Bogadóttir  
Arna Kristín Andrésdóttir  
Sigríður Óladóttir  
Blædís Kara Baldursdóttir  
Guðrún Katrín Oddsdóttir  
Hrafn Hlíðdal Þorvaldsson  
Aaron Palomares  
Ásdís Kristjánsdóttir  
Marína Rós Levy  
Bjarndís Sjöfn Blandon

Sigrún Harpa Stefánsdóttir  
Anna María Birgisdóttir  
Anna Rún Arnfríðardóttir  
Hilmir Gestsson  
Eva Agnarsdóttir  
Auður Gunnarsdóttir  
Tanja Elín Sigurgrímsdóttir  
Hlíf Samúelsdóttir  
Oddur Máni Malmberg  
Eir Andradóttir  
Kristín Birna Grétarsdóttir  
Þórey Bergsdóttir  
Emilía Þorsteinsdóttir  
Marta Sigrún Jóhannsdóttir  
Elva Kristín Valdimarsdóttir  
Guðrún Ingibjörg Þorgeirsdóttir  
Guðrún Margrét Viðarsdóttir  
Freyja Sif Þórsdóttir  
Steinunn Hlíf Guðmundsdóttir  
Sæmundur Rögnvaldsson  
Andrea Björg Jónsdóttir  
Rebekka Rós Tryggvadóttir  
Helga Þórarinsdóttir  
Sigmar Atli Guðmundsson  
Selma Dögg Kristjánsdóttir  
Karen Ósk Óskarsdóttir  
Sóley Isabelle Heenen  
Stefanía Katrín J Finnsdóttir  
Helga Katrín Jónsdóttir  
Margrét Hlín Snorradóttir  
Hanna Lilja Oddgeirsdóttir  
Rósa Harðardóttir  
Arna Björt Bragadóttir  
Álfhildur Ösp Reynisdóttir  
Helena Xiang Jóhannsdóttir  
Krister Blær Jónsson  
Hilda Hrönn Guðmundsdóttir  
Hildur Arnardóttir  
Dagbjört G Guðbrandsdóttir  
Halla Björnsdóttir  
Elín Björnsdóttir  
Hilmar Þór Dagsson  
Snædís Inga Rúnarsdóttir  
María Kjartansdóttir  
Finnur Sveinsson  
Linda María Karlsdóttir  
Stella Rún Guðmundsdóttir  
Ása Sigurðardóttir Jensen  
Jón Tómas Jónsson  
Helga Þórisdóttir  
Halla Kristjánsdóttir  
Steinn Thoroddsen Halldórsson  
Birgitta Ólafsdóttir  
Helga Björk Brynjarsdóttir  
Þorsteinn Markússon

Kristín Pétursdóttir  
Hafþór Ingi Ragnarsson  
Hannes Halldórsson  
Silja Ægisdóttir  
Hrafnhildur Hallgrímsdóttir  
Árni Johnsen  
Mads Aanesen  
Dagmar Ýr Arnardóttir  
Sigríður Þóra Birgisdóttir  
Andrea Jóna Eggertsdóttir  
Sunna Lu Xi Gunnarsdóttir  
Gísli Þór Axelsson  
Jóhannes Gauti Óttarsson  
Sif Snorradóttir  
Katrín Júníana Lárusdóttir  
Þorgeir Orri Harðarson  
Þórdís Ylfa Viðarsdóttir  
Sóllilja Guðmundsdóttir  
Aspelund  
Hlín Þórhallsdóttir  
Áslaug Dís Bergsdóttir  
Harpa Rún Ingólfsdóttir  
Viktoría Hróbjartsdóttir  
Erla Sigríður Sigurðardóttir  
Gyða Katrín Guðnadóttir  
Andrea Guðmundsdóttir  
Gunnar Þór Dagsson  
Ellen María Gunnarsdóttir  
Kristján Smári Guðjónsson  
Hákon Örn Grímsson  
Hrafnhildur Gréta Björnsdóttir  
Oddný Brattberg Gunnarsdóttir  
Andri Oddur Steinarsson  
Ásdís Sveinsdóttir  
Ragnheiður Erla Magnúsdóttir  
Erla Þórdís Atladóttir  
Alda Kristín Guðbjörnsdóttir  
Ágústa Björg Friðriksdóttir  
Anna Margrét Benediktsdóttir  
Alexandra Ýr Stefánsdóttir  
Júlíus Geir Sveinsson  
Rakel Hekla Sigurðardóttir  
Viðar Róbertsson  
Áslaug Erlendsdóttir  
Jóhann Hauksson  
Arndís Rós Stefánsdóttir  
Hildur Björg Gunnarsdóttir  
Guðný Helga Vídalín Pálsdóttir  
Viktoría Mjöll Snorradóttir  
Kristín Óskarsdóttir  
Helga Björg Heiðarsdóttir  
Jóhann Ragnarsson  
Thelma Kristinsdóttir  
Hulda Hrund Björnsdóttir  
Steinunn Birna Sveinbjörnsdóttir  
Kristján Godsk Rögnvaldsson  
Helga Þórunn Óttarsdóttir

Urður Rún Guðbergsdóttir  
Ívar Sævarsson  
Snædís Ólafsdóttir  
Hrafnhildur Bjarnadóttir  
Una Jóhannesdóttir  
Ragna Sif Árnadóttir  
Rakel Pálmarsdóttir  
Arnar Snær Ágústsson  
Hlynur Indriðason  
Ríkey Eggertsdóttir  
Davíð Orri Guðmundsson  
Ragnheiður Anna Þórisdóttir  
Sandra Ýr Vilbergsdóttir  
Sandra Árnadóttir  
Sunna Kristín Hannesdóttir  
Sigurður Ingi Magnússon  
Borgný Skúladóttir  
Oddný Ómarsdóttir  
Nadía Lind Atladóttir  
Eva Katrín Sigurðardóttir  
Signý Lea Gunnlaugsdóttir  
Sveinbjörn Hávarsson  
Henrik Geir Garcia  
María Guðlaug Guðmundsdóttir  
Erla Rut Rögnvaldsdóttir  
Hrafnhildur Edda Magnúsdóttir  
Anar Einarsson  
Daníel Arnar Þorsteinsson  
Sigrún Lilja Pétursdóttir  
Sjöfn Ragnarsdóttir  
Sara Jane Winrow  
Stefanía Hanna Pálsdóttir  
Eydís Ósk Jónasdóttir  
Sara Margrét Guðnýjardóttir  
Helga Hansdóttir  
Alexandra P. Barkardóttir  
Gústav Arnar Davíðsson  
Einar Logi Snorrason  
Bodi Bold  
Eva Hrund Hlynsdóttir  
Jóhanna Vigdís Ríkharðsdóttir  
Stefanía Thorarensen  
Tinna Hallgrímsdóttir  
Steinar Orri Hafþórsson  
Ásrún Björk Hauksdóttir  
Guðrún Kristjánsdóttir  
Þorvaldur Bollason  
Herdís Hergeirsdóttir  
Kristján Orri Víðisson  
Helga Magnúsdóttir  
Reynir Arngrímsson  
Þórir Einarsson Long  
Anna Kristín Höskuldsdóttir  
Eva Björk Úlfarsdóttir  
Eyjólfur Þorkelsson

Kristján Dereksson  
Ástríður Pétursdóttir  
Edda Pálsdóttir  
Guðrún Karlsdóttir  
Signý Ásta Guðmundsdóttir  
Rakel Nathalie Kristinsdóttir  
Tómas Viðar Sverrisson  
Dóra Sigurbjörg Guðmundsdóttir  
Pétur Sólmar Guðjónsson  
Sonja Kristín Kjartansdóttir  
Rólant Dahl Christiansen  
Arnar Þór Tulinius  
Kolfinna Snæbjarnardóttir  
Guðrún María Jónsdóttir  
Harpa Snædal  
Þorgerður Sigurðardóttir  
Hulda Tómadóttir  
Ágústa Andrésdóttir  
Hildur Margrét Ægisdóttir  
Sigurjón Birgisson  
Helgi Kristinn Björnsson  
Anna Stefánsdóttir  
Sigrún Ásgeirsdóttir  
María Hrund Stefánsdóttir  
Sara Magnea Arnarsdóttir  
Már Egilsson  
Sunna Björk Björnsdóttir  
Jóhann Bergsveinsson  
Sólveig Helgadóttir  
María Björg Magnúsdóttir  
Kristbjörg Heiður Olsen  
Svanborg Gísladóttir  
Guðrún G Björnsdóttir  
Snjólaug Sveinsdóttir  
Katrín Hjaltadóttir  
Sigurður Guðmundsson  
Pétur Ingvi Pétursson  
Hilma Hólm  
Ingigerður Sólveig Sverrisdóttir  
Unnur Högnadóttir  
Guðrún María Svavarsdóttir  
María Tómasdóttir  
Arndís Auður Sigmarsdóttir  
Ólöf Sara Árnadóttir  
Brynja Ragnarsdóttir  
Jónína Einarsdóttir  
Reynir Tómas Geirsson  
Hrund Þórhallsdóttir  
Magnús Konráðsson  
Kristín María Tómasdóttir  
Bjartur Sæmundsson  
Birna Eiríksdóttir  
Þórhildur Kristinsdóttir  
Sunna Snædal  
Karl Kristinsson

Helga María Alfreðsdóttir  
Inga Lára Ingvarsdóttir  
Ragnheiður Ingibjörg Bjarnadóttir  
Sigurbjörn Þórsson  
Bergrós Kristín Jóhannesdóttir  
Gunnlaugur Sigfússon  
Jórunn Atladóttir  
Nanna S. Kristinsdóttir  
Elva Dögg Brynjarsdóttir  
Sigrún Arnardóttir  
Sigrún Þorsteinsdóttir  
Erna Halldórsdóttir  
Davíð Jónsson  
Margrét Guðrún Ásbjarnardóttir  
Inger Björk Ragnarsdóttir  
Sigríður Óladóttir  
Ágúst Ingi Ágústsson  
Kristrún Stefánsdóttir  
Ari Víðir Axelsson  
Elín Laxdal  
Þóra Elísabet Kristjánsdóttir  
Tómas Guðbjartsson  
Lilja Sigrún Jónsdóttir  
Rakel Lind Úlfhéðinsdóttir  
Helga Björk Pálsdóttir  
Birta Dögg Ingudóttir Andrésdóttir  
Ingibjörg Guðmundsdóttir  
Dóra Erla Þórhallsdóttir  
Sverrir Gauti Ríkarðsson  
Pétur H Hannesson  
Þórdís Anna Oddsdóttir  
Brynjar Viðarsson  
Tryggvi Helgason  
Sigurður Blöndal  
Helgi Kristjánsson  
Ásthildur Erlingsdóttir  
Ylfa Rún Óladóttir  
Fríður Finna Sigurðardóttir  
Guðrún Jónsdóttir  
Lóa Guðrún Davíðsdóttir  
Vigdís Magnúsdóttir  
Guðrún Agnarsdóttir  
Kamilla Sigríður Jósefsdóttir  
Kolbrún Pálsdóttir  
Berglind Gunnarsdóttir  
Elfar Úlfarsson  
Sigríður Sigurgísladóttir  
Jóhann Johnsen  
Óli Hilmar Ólason  
Svava Guðmundsdóttir  
Þórunn Helga Felixdóttir  
Páll Óli Ólason  
Sjöfn Ragnarsdóttir  
Hjalti Már Björnsson  
Sigrún Margrét Gústavsdóttir



Margrét Edda Örnólfsdóttir  
Jóhanna H Jónsdóttir  
Ragnheiður Friðriksdóttir  
Steinunn Arnardóttir  
Anna Þórisdóttir  
Elías Eyþórsson  
Vilhjálmur Steingrímsson  
Guðbjörg Erla Guðmundsdóttir  
Jóhann Páll Ingimarsson  
Katrín Birgisdóttir  
Sandra Dís Kristjánsdóttir  
Valeria Cafiso  
Rebekka Rán Magnúsdóttir  
Arnar Bragi Ingason  
Andrea Njálsdóttir  
Kamilla Guðnadóttir  
Áróra Eir Pálsdóttir  
Hilmar Pálsson  
Kristrún Guðmundsdóttir  
Una Egilsdóttir  
Lovísa Kristín Sigurjónsdóttir  
Anna Kristín Gunnarsdóttir  
Björk Björnsdóttir  
Laufey Dóra Áskelsdóttir  
Katrín Birna Viktorsdóttir  
Þorsteinn Viðarsson  
Hallfríður Kristinsdóttir  
Eyrún Anna Stefánsdóttir  
Anna María Toma  
Helena Rós Hannesdóttir  
Sigrún Edda Þ Reykdal  
Hanna Linda Ólafsdóttir  
Sandra Gunnarsdóttir  
Ester Viktorsdóttir  
Andreas Bergmann  
Sindri Jarlsson  
Guðrún Eiríksdóttir  
Helga Margrét Helgadóttir  
Sveinn Rúnar Hauksson